

Fornleifarannsóknir á kirkjugarði á Hofstöðum í Mývatnssveit
sumarið 2010.

(Framvinduskýrsla)



Hildur Gestsdóttir og Oddgeir Isaksen



Fornleifastofnun Íslands

FS455-910113

Reykjavík 2011

Forsíðumyndin: Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæðinu á Hofstöðum.

©Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík


Sími:5511033

fsi@instarch.is

www.fornleif.is

Efni

Inngangur.....	1
<i>Markmið.....</i>	<i>1</i>
<i>Aðferðir.....</i>	<i>2</i>
<i>Þáttakendur og þakkir.....</i>	<i>4</i>
Niðurstöður.....	4
<i>Grafirnar.....</i>	<i>4</i>
<i>Kirkjugarðsveggurinn.....</i>	<i>9</i>
<i>Framtíðarmarkmið.....</i>	<i>13</i>
Viðauki. Ritaskrá Hofstaðaverkefnisins.....	15



Inngangur

Sumarið 2010 var sjötta sumarið þar sem unnið var við fornleifarannsóknir í kirkjugarðinum á Hofstöðum. Sú rannsókn er unnin í beinu framhaldi af þeim rannsóknum sem gerðar voru á Víkingaaldarskála á sama stað. Skálinn var grafinn upp á árunum 1992 til 2002 og hafa niðurstöður þeirra rannsókna nýlega verið birtar (Lucas, 2009). Með rannsóknum í kirkjugarðinum fluttist áherslan í rannsóknum á Hofstaðajörðinni frá Víkingaaldarminjunum að miðaldabæjarstæðinu, en kirkjugarðurinn liggur utan í austurhlið bæjarhóls sem þar er. Vonast er til að í framtíðinni verði hægt að stækka rannsóknarsvæðið til að skoða bæjarstæðið sjálft, en þar var búið fram á miðja 20. öldina, þegar núverandi bæjarhús Hofstaða voru byggð. Úrvinnslu úr þeim gögnum sem safnað var við uppgröftinn 2010 er ekki að fullu lokið, og því mun einungis verða gerð grein fyrir helstu niðurstöðum uppgraftarins hér. Í viðauka aftast í þessari skýrslu er gert grein fyrir útgáfum og verkefnum sem tengjast rannsókninni á kirkjugarðinum á Hofstöðum.

Markmið

Markmið rannsókna


Meginmarkmið rannsóknarinnar á kirkjugarðinum á Hofstöðum í Mývatnssveit er að gera heildstæða rannsókn á kirkju og kirkjugarði frá miðöldum. Þetta er gert með það fyrir augum að auka bæði þekkingu á byggingatækni og notkun kirkna á miðöldum, og á greftrunarsíðum á sama tíma. Mikil gróska hefur verið í rannsóknum á kirkjum og kirkjugörðum á Íslandi síðustu ár og má sem dæmin nefna rannsóknir á Neðri Ás í Hjaltadal, í Reykholti í Borgarfirði, á Gásum í Eyjafirði, á Þórarinsstöðum á Seyðisfirði, í Keldudal í Hegranesi, á Hrísrú í Mosfellsdal og á Skriðuklaustri. Þetta þýðir að töluvert liggur fyrir af samanburðarefni fyrir þær rannsóknir sem verið er að vinna á Hofstöðum.

Einnig er stefnt að því að það fari fram mannabeinarannsóknir. Þó að mannabeinasafn Þjóðminjasafns Íslands sé stórt, er það mjög dreift í tíma, og eru aðeins tólf kirkjugarðar þar sem grafnar hafa verið upp fleiri en tíu beinagrindur (Hildur Gestsdóttir, 2009). Nú á dögum eru flestar beinafræðilegar rannsóknir byggðar á tölfræðilegri greiningu, og því er mikilvægt að hafa sem flestar beinagrindur frá hverjum stað til að niðurstöður rannsókna verði tölfræðilega marktækar. Því mun það hafa mikið gildi fyrir mannabeinarannsóknir á Íslandi að heildstæður uppgröftur á kirkjugarði hafi farið fram.

Uppgraftarmarkmið 2010

Í lok sumars 2004, þegar síðast var grafið í kirkjugarðinum á Hofstöðum, var uppgraftarsvæðið

12,2 x 18,9m með stefnuna austur-vestur. Leifar tveggja kirkna voru í vesturenda svæðisins og fundust grafir allt í kring um þær, en langflestar voru í þremur röðum, með stefnuna norður-suður, austan við kirkjurnar (Hildur Gestsdóttir, 2006). Í lok uppgrftar sumarið 2004 var fullnaðaruppgreftri lokið á nánast öllu svæðinu, utan 4 x 14m svæðis, með stefnuna austur-vestur sunnan við kirkjutóftirnar, upp við suður mörk uppgraftarsvæðisins. Á þessu svæði var búið að grafa upp þó nokkrar grafir (Hildur Gestsdóttir, 2006), en markmiðið 2010 var að halda áfram uppgreftri á því og klára uppgröft á þeim gröfum sem enn voru ógrafnar



Mynd 1. Rauðu línurnar afmarka rannsóknarsvæðið sumarið 2010

Sumarið 2010 var jafnframt opnað nýtt uppgraftarsvæði norðan og austan við uppgraftarsvæðið frá 2004 og var það svæði látið ná út fyrir hringlaga garðlag (kirkjugarðsvegg) sem umlykur kirkjugarðinn og sást á jarðsjármælingum sem voru gerðar á svæðinu 1999 (Horsley & Dockrill, 2002), en fannst jafnframt í prufuskurði sem grafinn var í norður frá uppgraftarsvæðinu sumarið 2000 (Hildur Gestsdóttir, 2001). Markmiðið var að rannsaka ekki einungis svæðið innan kirkjugarðsveggisins, heldur einnig skoða utan við hann í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á nýtingu kirkjugarðisins og kanna hvort að utangarðsgrafir sé þar að finna eða önnur mannaverk sem tengjast kirkjuhaldinu á Hofstöðum. Nýja uppgraftarsvæðið er alls 221,6m² að stærð. Það er 7,1 x 20,6m með stefnu austur-vestur, norðan við eldra uppgraftarsvæðið frá 2004, og 5,5 x 20,6 með stefnuna norður-suður austan við það.

Aðferðir

Uppgröftur og skráning fylgja svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrafterhandbók Fornleifastofnunnar Íslands (Lucas, 2003). Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og stundum ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafinn upp á Hofstöðum í Mývatnssveit. Á meðan á uppgræftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utanum aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á.

Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins og til dæmis grafir sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði kirkjugarðs, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

Beinagrindur.

Allar beinagrindur fá einstakt númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd eininganúmerum þeirra grafa sem beinagrindurnar finnast í. Reynt er að gera eins nákvæma skráningu á beinum einsog mögulegt er áður en þeim er lyft, þar sem alltaf geta orðið einhverjar skemmdir á þeim í því ferli, jafnvel þótt varðveisla sé eins góð og raun ber vitni á Hofstöðum. Allar beinagrindurnar eru teiknaðar í mælikvarðanum 1:10(ungbarnabeinagrindur 1:5) og teknar af þeim lóðréttar ljósmyndir með tveimur staðsettum viðmiðunarpunktum sem hægt er að nýta til að staðsetja ljósmyndirnar inn á stafrænar teikningar af uppgraftersvæðinu. Einnig eru tekin jarðvegssýni (sjá nánar hér að neðan) úr hauskúpu, brjósthóli og maga sem send eru í skordýra- og sníkjudýragreiningu.

Gripir.

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Er þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi líkt og beinagrindurnar. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftersvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og

fylja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið (Lucas, G).

Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd eininganúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni. (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

Þátttakendur og þakkir

Hópur innlendra og erlendra fræðimanna og nemenda tóku þátt í uppgreftrinum á Hofstöðum. Uppgreftrinum stjórnaði Hildur Gestsdóttir (FSÍ) með aðstoð Oddgeirs Isaksens (FSÍ) og Stefáns Ólafssonar (FSÍ). Átta unnu við uppgroftinn í lengri eða skemmri tíma: Céline Dupont-Hébert (Université Laval, Kanada), Marianne Robson (University of Bradford, Englandi), Autumn Whiteway (University of Calgary, Kanada), Jessica Vobornik (Brooklyn Collage, CUNY, Bandaríkjunum), Reaksha Persaud (Brooklyn Collage, CUNY, Bandaríkjunum), Marissa Gamliel (Brooklyn Collage, CUNY, Bandaríkjunum), Liam Lanigan (University College London, Englandi) og Gísli Pálsson (Háskóli Íslands). Úrvinnsla er í höndum Hildar Gestsdóttur (sem einnig sér um greiningu á mannabeinum) og Oddgeirs Isaksens. Guðrún Alda Gísladóttir (FSÍ) mun sjá um greiningu gripa. Auk þess hefur Catherine Maura Wood (Háskóla Íslands) aðstoðað við úrvinnsluna. Fornleifasjóður og National Science Foundation (NSF) með milligöngu North Atlantic Biocultural Organisation (NABO) styrktu rannsóknina. Sérstakar þakkir fá eigendur Hofstaðajarðarinnar, Ásmundur og Guðmundur Jónssynir, en stuðningur þeirra, öll þau ár sem unnið hefur verið við fornleifarannsóknir á Hofstöðum, hefur verið ómetanlegur.

Niðurstöður

Grafirnar

Allar grafir sem grafnar voru upp sumarið 2010 voru á gamla uppgraftarsvæðinu sunnan við leifar kirknanna. Grafirnar á Hofstöðum eru frekar einsleitar. Þær eru rétthyrndar, með rúnnuðum hornum og eru hliðar þeirra oftast lóðréttar, eða halla jafnvel aðeins innundir grafarbyggðum. Botninn er oftast flatur, og eru grafirnar sjaldan dýpri en 50-60 sm, en ná í nokkrum tilfellum niður á fast berg. Fyllingin í gröfunum er í öllum tilfellum jarðvegurinn sem mokað var upp þegar gröfin var tekin, og einkennist af mold með flekkjum af hvítri og grárri forsögulegri gjósku. Grafirnar hafa allar stefnuna vestur-austur, og fylgja þannig stefnu kirknanna. Einstaklingarnir í

gröfunum hafa í langflestum tilfellum verið lagðir á bakið með höfuðið í vesturátt. Fótleggirnir eru oftast beinir. Handleggirnir liggja samsíða líkamanum og hafa hendurnar verið lagðar á mjaðmirnar eða þvert yfir magann. Einföld timburlíkkista hefur verið í um helmingi grafanna. Timbrið hefur ekki varðveist, en hefur í mörgum tilfellum litað jarðveginn dökkan, þannig að greina má útlínur kistnanna.



Mynd 2. Beinagrind 96. Fullvaxinn einstaklingur

Nú hafa verið grafnar upp 110 grafir á Hofstöðum (og í þeim fundist alls 113 beinagrindur). Þeim hefur verið skipt upp í sjö mismunandi hópa. Þær 34 grafir sem grafnar voru upp sumarið 2010 voru í eftirfarandi hópum:

[1746] – 6 grafir

[1747] – 3 grafir

[5085] – 24 grafir


[5086] – 1 gröf

Hópur [1746]

Í hópi [1746] eru 23 grafir sem mynda röð sem hefur stefnuna norður-suður. Röðin liggur beint austan við kirkjurnar, og virðist fylgja mörkum eldri kirkjunnar. Grafirnar ná þó lengra norður og suður en kirkjubyggingarnar gerðu. Þessi röð nær að uppgraftarmörkum, og því ekki ólíklegt að eitthvað sé um ógrafnar grafir sem tilheyra þessum hóp. Þessar grafir liggja




Mynd 3. Beinagrind 89. Nýburi



Mynd 4. Hópur [1746] merktur í gulu. Rauðstrikudu grafirnar voru grafnar upp sumarið 2010

mjög þétt, og skera gjarnan hvort aðra, en sjaldnast um meira en nokkra sentímetra, þannig að í mörgum tilfellum er erfitt að greina í hvaða röð grafirnar voru teknar. Þær eru hins vegar teknar af sama eða svipuðu yfirborði sem gæti bent til þess að þær séu allar teknar á tiltölulega stuttu tímabili, en auk þess er ekkert sem bendir til þess að þær hafi verið merktar á einhvern hátt. Af þeim 23 gröfum sem tilheyra þessum hópi voru þær sex syðstu grafnar upp sumarið 2010.


Hópur [1747]



Mynd 5. Hópur [1747] merktur í gulu. Rauðstrikudu grafirnar voru grafnar upp sumarið 2010

uppgraftarmörkum, og því ólíklegt að það eigi eftir að bætast fleiri grafir við þennan hóp. Skera einungis þrjár þeirra hvor aðra og það að svo takmörkuðu leyti að oft er ekki unnt að greina hvaða gróf var tekin fyrst. Eins og í hópi [1746] þá eru þessar grafir allar teknar frá sama yfirborði, og eru þær því að öllum líkindum frá sama notkunarskeiði kirkjugarðsins. Þrjár syðstu grafirnar í hópnunum voru grafnar upp sumarið 2010.

Hópur [5085]



Mynd 6. Hópur [5085] merktur í gulu. Rauðstrikudu grafirnar voru grafnar upp sumarið 2010


Í hópi [1747] eru 16 grafir, sem mynda röð sem hefur stefnuna norður-suður. Liggja þær beint austan við grafirnar hóp [1746], og fylgja klárlega gröfunum sem tilheyra þeim hópi. Grafirnar í hópi [1747] eru ekki teknar eins þétt og þær sem eru í hópi [1746] en þó eru aldrei meira en um 40sm á milli þeirra. Nyrstu og syðstu grafirnar sem hafa verið grafnar upp í þessum hópi eru um 1m frá núverandi

Í hópi [5085] er 41 gróf og er í öllum tilvikum um að ræða barnsgrafir, í flestum tilvikum nýburagrafir. Liggja þær allar mjög þétt, fast sunnan við kirkjurnar og er mikið um að þær skeri hvor aðra. Það er grafið langþéttast upp við kirkjurnar, og er þéttleiki grafanna slíkur að mikið er um að yngri grafir skeri beinagrindur eldri gafa. Það eru einnig tilfelli þar sem grafið er beint

ofan í aðra gröf þannig að allt að fjórar beinagrindur hafa fundist hver ofan á annarri. Mjög mikið var um laus bein úr nýburum í grafarfillingum á þessu svæði. Af þeirri 41 gröf sem tilheyrja þessum hópi, þá voru 24 grafnar upp sumarið 2010, þar af ein gröf þar sem tveir nýburar voru grafnir saman, og ein gröf sem var svo mikið skorin af yngri gröfum að ekkert varðveittist af beinum í henni.

Hópur [5086]

Í hópi [5086] hafa verið grafnar upp alls sex beinagrindur. Þær eru allar á svæðinu sunnan við kirkjuna, á sama svæði og barnsbeinagrindurnar í hópi [5085]. Þetta eru allt grafir fullvaxinna einstaklinga sem hafa verið skornar ofan í barnsgrafirnar sem voru fyrir á þessu svæði. Einungis ein beinagrind úr hópi [5086] var grafin upp sumarið 2010.




Mynd 7. Hópur [5086] merktur í gulu. Rauðstrikaða gröfin var grafin upp sumarið 2010

Grafirnar – umræða.

Hér verður fjallað um grafir úr öllum hópunum í kirkjugarðinum á Hofstöðum, ekki einungis þeim sem grafnir voru upp sumarið 2010 (sjá líka Hildur Gestsdóttir, 2006). Eins og þegar hefur komið fram þá hefur reynst erfitt að greina afstæðan aldur einstakra grafa á Hofstöðum út frá samhengi við aðrar grafir, þar sem þær grafir sem skera hvor aðra gera það gjarnan að mjög takmörkuðu leiti, þ.e. einungis um nokkra sentímetra, þannig að ekki var unnt að greina hvaða gröf var tekin fyrst. Einnig er talsvert um grafir, sérstaklega norðan og austanmegin á svæðinu, sem skera engar aðrar, en eru þó allar teknar frá sama yfirborði. Það er helst á sunnanverðu svæðinu, þar sem mjög mikið er um að grafir skeri hvor aðra að hægt er að sjá samhengi einstakra grafa.

Það er hins vegar hægt að fjalla að einhverju leiti um tímaröð hinna mismunandi grafarhópa. Þrjár samsíða röðir af gröfum liggja beint austan við kirkjurústirnar, og fylgja klárlega austurhlíð elstu kirkjunnar á svæðinu. Röðin sem liggur næst kirkjunni (vestast), hópur [1746] er að öllum líkindum elst, og hinar fylgja svo koll af kolli (hópar [1747] og [1748]) þar sem hver röð fylgir klárlega röðinni sem liggur beint vestan við hana. Ekki er óhugsandi að einhverju leiti hafi þau svæði sem þessir hópar afmarka verið nýttir á sama tíma, en þó er tímaröð þess hvenær grafsetning hófst innan þessa svæða greinileg. Austan við hóp [1748] eru svo fimm mjög þétt

grafnar grafir, hópur [1907]. Þær eru skornar af gröfum úr hópi [1748], og eru því eldri en þær. Varðveislan í þessum gröfum er mjög slæm, í einu tilfalli höfðu engin bein varðveist. Mögulegt er að þessi hópur sé merki um einhverskonar félagslega skiptingu innan garðsins, að ekki hafi þótt rétt að grafa þessa einstaklinga á því svæði sem hópar [1746] og [1747] afmarka og þeir því greftraðir út við kirkjugarðsvegginn. Þessir fjórir hópar endurspeglar því að öllum líkindum elsta skipulag innan kirkjugarðsins.



Mynd 8. Allir þeir hópar grafa sem grafnir hafa verið upp á Hofstöðum til þessa.

Hópur [5085], þ.e barnsgrafirnar sunnan við kirkjurnar, er að öllum líkindum samtíma hópum [1746], [1747], [1748] og [1907]. Greinilegt er að greftrunarhefð á þessu svæði hefur að einhverju leiti hefur fylgt þeirri hefð sem algeng er inna miðaldakirkjugarða á Íslandi. Samkvæmt henni þá virðist kyn hafa ráðið því hvar í garðinum fullvaxta einstaklingar voru grafnir, þ.e konur norðan megin og karlar sunnan megin. Barnsgrafir finnast hins vegar gjarnan upp við kirkjuvegginn. Þessir hópar sem fjallað hefur verið um hér fylgja þessu mynstri að mestu leyti, þó er ekki hægt að alhæfa þar um að svo stöddu.


Grafirnar sex í hópi [5086] tilheyra hins vegar seinni tíma notkun í kirkjugarðinum. Þær grafir eru allar teknar á því svæði þar sem barnsgrafirnar voru, og hafa allar skorið eldri barnsgrafir. Klárlega er það skipulag, sem var á kirkjugarðinum í upphafi, eitthvað breytt. Hugsanlegt er að skipulagsleysi á þessum seinni tíma gröfum séu merki um að umsvifin í kirkjugarðinum hafi minkað talsvert frá eldri skeiðum hans. Tveir aðrir hópar tilheyra líka yngri stigum notkunar á kirkjugarðinum. Annars vegar er það hópur [1750], sem eru fjórar grafir, sem liggja innan forkirkju yngri kirkjunnar og því klárlega samtíma henni, og hins vegar tvær grafir rétt norðan við þær, ung kona og nýburi, sem tilheyra hópi [1749]. eru grafirnar í hópi [1749] teknar í gegnum torflög sem hylja aðrar grafir á svæðinu, og eru þær því

hugsanlega frá því eftir að kirkjugarðurinn var (að mestu) lagður af. Fjórar grafir (hópur [1905] liggja sunnan við kirkjuna. Þær liggja undir þeim torflögum sem grafirnar í hópi [1749] skáru, og eru því greinilega eldri en þær. Þær eru allar teknar í sama yfirborð, og eru því að öllum líkindum samtíma hver annarri, en erfitt er á þessu stigi að segja til um hvernig þær tengjast öðrum grögum á svæðinu. Þó ber að nefna að þrjár þessara grafa eru barnsgrafir, og liggja þær þétt norðan við eldri kirkjuna, og því er ekki ólíklegt að þær séu samtíma henni.

Nú er komið í ljós að allar grafirnar í kirkjugarðinum á Hofstöðum, fyrir utan grafirnar tvær í hópi [1749] eru teknar á tímabilinu 871-1300, og er sú aldursgreining byggð á gjóskulögum sem fundist hafa á svæðinu. Ekki er hægt að segja neitt um það svo stöddu hversu löngu eftir að landnámslagið féll að greftrun hófst í garðinum, né hversu löngu fyrir 1300 hætt var að grafa þar.

Kirkjugarðsveggurinn.

Eins og fram hefur komið þá var markmiðið með nýja svæðinu sem opnað var norðan og austan við eldra uppgraftarsvæðið m.a að grafa fram kirkjugarðsvegginn sem sést hafði á jarðasjármælingum og í prufuskurði. Eftir að búið var að fjarlægja torfið og yfirborðsmold (sem gert var með skurðgröfu), þá



Mynd 9. Yfirlitsteikning af nýja uppgraftarsvæðinu, sem var opnað 2010, við lok uppgrftar

mátti greina gróflega útlínur kirkjugarðsveggjarins eftir miðju svæðinu endilöngu og var greinilegt hvernig jarðlög á svæðinu höfðu safnast lagst upp að honum. Vesturendi uppgraftarsvæðisins var skorinn af meters breiðum prufuskurði sem lá norður-suður þvert yfir uppgraftarsvæðið. Uppgreftri á svæðinu er ekki lokið, en umræðu um helstu niðurstöður eftir sumarið 2010 verður skipt upp eftir þeim gjóskulögum sem fundust á svæðinu.

Eftir V1717

Gjóskulagið úr Veidivötnum sem tímasett hefur verið til 1717 er örþunnt á Hofstöðum, og var því einungis greint í sniði vestast á uppgraftarsvæðinu, ekki í fleti. Flest mannvistarlögin sem voru yngri en gjóskulagið tengjast bæjarhólnum sem liggur vestan við uppgraftarsvæðið og því voru þau öll að finna á vestanverðu uppgraftarsvæðinu. Í norðvestur horni uppgraftarsvæðisins var komið niður á gryfju. Gryfjan lá inn undir vestur og norður bakkann, og því var einungis grafin fram suðaustur hluti hennar. Gryfjan var um 2 m á dýpt, og var fyllt með viðarösku, grjóti og 20. aldar sorpi (gúmmístígvél og þ.h.). Austan við þessa gryfju, og norðan við kirkjugarðsvegginn voru nokkur þunn ruslalög, mynduð úr viðarösku. Í þessum lögum fundust gripir svo sem leirkersbrot sem benda til þess að þau hafi verið frá 19.-20. öld. Það bendir að öllum líkindum til þess að uppgraftarsvæðið liggja sunnan við síðasta öskuhauginn frá við gamla Hofstaðabæinn, og að þessi lög sem fundust sumarið 2010 séu í útjaðri hans. Spurning er hvort að það hafi verið með vilja gert að staðsetja ruslahaug og –gryfju utan við kirkjugarðinn, en í raun er það athyglisvert hversu lítið garðinum hefur verið raskað þrátt fyrir að búseta hafi verið svo þétt við hann í um 600 ár eftir að hann fór úr notkun.

Innan kirkjugarðsins, og upp við vesturbakka uppgraftarsvæðisins voru aðallega torfhrunslög, sem að öllum líkindum tengjast framkvæmdum á bæjarstæðinu. Þessi lög náðu einungis að prufuskurðinum frá 2000.

Í suðvesturhorni uppgraftarsvæðisins fannst ferhyrnd hola 1,3 x 1,3 m á stærð og grafin niður á fast berg. Fyllingin í henni var að öllum líkindum uppmoksturinn úr holunni sjálfri. Að öllum líkindum er þetta prufuhola frá Daniel Bruun sem fyrstur gróf í Víkingaaldarskálann á Hofstöðum, árið 1908. Bruun skráir þessa holu ekki, en gerðfræðilegur samanburður á henni og þeim prufuholum sem hann gróf á öðrum stöðum bendir til þess (holan er 2 x 2 alnir).

V1477 – V1717

Ekki voru mikil merki um mannvist utan við kirkjugarðsvegginn. Í norðvesturhorninu kom í ljós að ruslagryfjan sem þegar hefur verið nefnd hafði verið grafin ofan í eldri gryfju. Sú hverfur líka inn undir norður og vestur uppgraftarmörkin. Þessi gryfja var full af viðaröskulögum. Hún var grafin niður á 2m dýpi, en en ákveðið var að hætta greftri þó að botninum hefði ekki verið náð, þar sem talið var að hætta væri á hruni. Flestir gripirnir sem fundust sumarið 2010 kom úr gryfjunum, en eins og fyrr segir, þá

hafa þeir ekki verið greindir enn sem komið er. Austan við gryfjuna, og utan við kirkjugarðsvegginn voru einungis náttúruleg vindblásin jarðlög sem safnast höfðu upp við kirkjugarðsvegginn, þó með viðarkolaflekkjum og einstaka dýrabeini, eins og búast má við í jarðlögum í nágrenni við mannabústaði.

Innan kirkjugarðsins voru helstu merki um mannvist vestast á svæðinu, vestan við prufuskurðinn

frá 2000, og voru það allt hrun og ruslalög frá bæjarhólnum. Þó voru þessi lög ekki þykk, einungis um 10sm þar sem þau voru þykkust.

H1300-V1477

Fyrst skal tekið fram að ekki er búið að grafa fram gjóskulagið úr Heklugosinu 1300. Einungis hefur

sést í það í skurðum sem grafnir hafa verið á svæðinu. Utan við kirkjugarðsvegginn var áfram lítið um mannvistarlög undir V-1477 gjóskunni. Þar var aðallega að finna náttúruleg vindblásin lög, þó aðeins blönduð viðarkolum, sem safnast höfðu upp við kirkjugarðsvegginn. Þó fór að koma í ljós hringlaga bunga (2.5 m í þvermál) í norðaustur horni uppgraftarsvæðisins. Á þessari bungu var farið að glitta í töluvert af dýrabeinum og er þetta því hugsanlega öskuhaugur. Þessi bunga er ennþá ógrafin.



Mynd 10. Gryfjan eftir uppgröft.



Mynd 11. Norður hluti uppgraftarsvæðisins við lok uppgrftar (horft í vestur). Prufuhola Daniel Bruuns er vinstra megin við miðju myndar. Rusla bungan liggur norðan við hana. Ofan (vestan) við þær báðar sést móta fyrir kirkjugarðsveggnum.

Innan kirkjugarðsins voru hins vegar mörg þykk, en mjög hrein torflög undir V1477, sem voru aðskilin með þunnum móöskulinsum. Mjög lítið var um gripi í þessum lögum, og virðist helst sem að þetta torf

hafi verið lagt á þetta svæði, frekar en um að um hrun sé að ræða. Því virðist sem að á Hofstöðum hafi farið fram sléttun á kirkjugarðinum áður en byrjað var að grafa í hann (Hildur Gestsdóttir, 2001), og svo lagt niður þétt torflag eftir að notkun hans var hætt. Þetta er áhugavert í ljósi niðurstaðna rannsóknar Guðnýjar Zoëga í Skagafirði, þar sem sama munstur sést. Þar virðist hafa verið settur niður jarðvegur áður en greftrun hófst til að slétta kirkjugarðana, og svo hefur aftur verið settur jarðvegur yfir garðana eftir að hætt var að grafa í þá (Guðný Zoëga, 2009). Ekki hefur verið lokið við að grafa upp öll þessi lög, en þó sést í prufuskurðinum frá 2000 að innan við kirkjugarðinn eru einungis eftir nokkrir sentimetrar af jarðvegi áður en óhreyfðri mold er náð. Þá er farið að glitta í mold með flekkjum af forsögulegri gjósku, eins og sést gjarnan í fyllingum grafa, sem bendir til þess að eitthvað af gröfum gætu leynst á þessu svæði.

871±2 – H1300.

Eins og fram hefur komið þá er ekki búið að grafa fram gjóskuna úr Heklugosinu frá 1300 í fleti. Hún



Mynd 12. Suðursnið gryfjunnar. Veggjarhleðslan sést við miðju myndarinnar hægra megin. Ofan á henni eru móöskulög, og vinstra megin við vegginn má sjá hrun úr honum.

hefur fundist í sniði prufuskurðar Daniel Bruuns í austurhluta uppgraftarsvæðisins, og í ruslagryfjunni í norðvesturhorni uppgraftarsvæðisins. Í austurenda svæðisins eru engin mannvistarlög sýnileg undir H1300 gjóskunni, þar eru einungis náttúruleg vindblásin lög. Önnur saga er um snið gryfjunnar í norðvesturhorninu. Þar eru sýnileg móöskulög, um 20sm þykk, undir H1300 gjóskunni. Þessi lög höfðu einnig sést í prufuskurðinum frá 2000, og þar var sýnt fram á að þessi móöskulög

lágu upp að kirkjugarðveggnum utanverðum, og er hann því klárlega eldri en H1300 (Hildur Gestsdóttir, 2001). Í suðurhlið gryfjunnar, upp við vesturmörk uppgraftarsvæðisins sást hins vegar annar torfveggur sem skorinn hafði verið af gryfjunni. Einungis um 40sm breiður kafli af veggnum hafði varðveist í sniðinu. Stefna veggisins virðist hafa verið nokkurn veginn norður-suður. Austan við vegginn eru torfhrunlög, líklegast úr veggnum sjálfum, en hann hverfur inn í vestursnið uppgraftarins og því ekki hægt að segja neitt um hvað liggur vestan við hann. Þessi veggur liggur undir þeim móöskulögum sem liggja upp á kirkjugarðsvegginn, og er því töluvert eldri en hann.

Framtíðaráform.

Ráðgert er að unnið verði við sérfræðigreiningar úr rannsókninni 2010 á næstu mánuðum. Næsta skref í uppgreftrinum á Hofstöðum verður að stækka uppgraftarsvæðið til suðurs, útfyrir kirkjugarðsvegginn sem sást á jarðsjármælingum 1999. Gera má ráð fyrir að það svæði verði um 8x24m meðfram núverandi suðursniði uppgraftarsvæðisins. Því næst er markmiðið að ljúka uppgreftri á öllum óloknum uppgraftarsvæðum. Í framtíðinni verður einnig ráðgert að framkvæma könnunargróft á bæjarstæðinu til að hægt verði að skipuleggja rannsóknir á bæjarhólnum, og einnig til að hægt verði að ljúka uppgreftri á þeim hluta kirkjugarðsins sem liggur vestan við núverandi uppgraftarsvæði..



Mynd 13. Rannsóknarsvæðið á Hofstöðum við lok uppgraftar 2010 (horft í suðvestur). Klárlega má sjá móta fyrir kirkjugarðsvegnum.

Heimildir

Guðný Zoëga, 2009. Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla 2009. Byggðasafn Skagfirðinga: Rannsóknarskýrslur: 95.

Hildur Gestsdóttir. 2001. The medieval chapel and churchyard. Í Lucas, G. Hofstaðir 2000. Framvinduskýrslur / Interim Report. Fornleifastofnun Íslands: FS130-91018: 21-25.

Hildur Gestsdóttir. 2006. Hofstaðir 2004. Interim Report. Fornleifastofnun Íslands. FS311-910112.

Hildur Gestsdóttir. 2009. Sögur af beinagrindum. Árbók Hins Íslenska fornleifafélags. 2008-9: 123-142.

Horsley, T.J. & Dockrill, S.J. 2002. A preliminary assessment of the use of routine geophysical techniques for the location, characterisation and interpretation of buried archaeology in Iceland. *Archaeologia Islandica* 2: 10-33.

Lucas, G. (2003). *Archaeological field manual*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Lucas, G., Ed. (2009). Hofstaðir. Excavations of a Viking Age feasting hall in north-eastern Iceland. Institute of Archaeology, Monograph Series. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Viðauki. Ritaskrá Hofstaðaverkefnisins

Skýrslur

- Hildur Gestsdóttir. 1999. The Medieval Churchyard. Lucas, G. (ritstj.) *Hofstaðir 1999. Framvinduskýrslur / Interim Reports.* pp.44-54. Fornleifastofnun Íslands: FS102-91017.
- Hildur Gestsdóttir. 2001. The Medieval Chapel and Churchyard. Í Lucas, G.(ritstj.) *Hofstaðir 2000. Framvinduskýrslur / Interim Report.* pp.21-25 Fornleifastofnun Íslands: FS130-91018
- Hildur Gestsdóttir. 2002. Area Z. Lucas, G.(ritstj.) *Hofstaðir 2001. Framvinduskýrslur / Interim Report.* pp.29-34. Fornleifastofnun Íslands: FS167-91019.
- Hildur Gestsdóttir. 2003. The Chapel. Í Lucas, G. (ritstj.) *Hofstaðir 2002. Framvinduskýrslur / Interim Report.* pp.26-29. Fornleifastofnun Íslands: FS193-910110.
- Hildur Gestsdóttir. 2004. *Hofstaðir 2003. Framvinduskýrsla / Interim Report.* Fornleifastofnun Íslands: FS230-910111.
- Hildur Gestsdóttir. 2006. *Hofstaðir 2004. Interim Report.* Fornleifastofnun Íslands: FS311-910112.

Útgefið efni

- Hildur Gestsdóttir 2009. 'Sögur af beinagrindum.' *Árbók Hins Íslenska fornleifafélags* 2008-2009: 123-142.
- Hildur Gestsdóttir & Guðmundur I. Eyjólfsson. 2005. 'Myeloma in an archaeological skeleton from Hofstaðir in Mývatnsveit.' *Læknablaðið: The Icelandic Medical Journal* 91: 505-9.
- Horsley, T.J. & Dockrill, S.J. 2002. 'A preliminary assessment of the use of routing geophysical techniques for the location, characterisation and interpretation of buried archaeology in Iceland.' *Archaeologia Islandica* 2: 10-33.

Nemendaverkefni sem notað hafa gögn/beinagrindur úr Hofstaðauppgræftinum

Ph.D.

- Horsley, T.J. 2004. *The potential of geophysical prospection techniques for archaeological field evaluation in Iceland.* (Óútgefin doktorsritgerð: University of Bradford, Englandi).

M.A.

- Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2008. „Þegar á unga aldri lifi ég enn...” *Barnaformleifafræði: Greftrun barna á kapólskum tíma á Íslandi.* (óútgefin M.A. ritgerð: Háskóli Íslands).

B.A.

- Kristín Halla Baldvinsdóttir. 2008. *Aska og viðarkol í gröfum á Íslandi. Greining ösku og viðarkola á mannabeinum og í gröfum.* (óútgefin B.A. ritgerð: Háskóli Íslands).
- Lilja Laufey Davíðsdóttir. 2008. *Grafið en ekki gleymt : gerðir handastellinga í íslenskum gröfum og nýting þeirra til afstæðra aldursgreininga.* (óútgefin B.A. ritgerð: Háskóli Íslands).

Nemendaverkefni í vinnslu sem nýta Hofstaðabeinagrindur

Ph.D.

Cecilia Collins *Interpreting the prevalence of ear disease and maxillary sinusitis in medieval Iceland: an evaluation of adult and subadult skeletons using computed tomography, microscopy and endoscopy.* (Ph.D. Háskóli Íslands – áætluð verklok 2012).

The impact of upper respiratory disease on individual and societal health can be interpreted by measuring ear disease and sinusitis prevalence, detailing chronic disease activity across age and sex groups. Clinical evidence indicates high rates of inner ear infections in modern populations, and high frequency has been researched in some archaeological populations. Similarly, upper respiratory tract infection is known to affect the maxillary sinuses. Pathological lesions are however, often hidden within temporal bones and maxillary sinuses in the skull, unrecognized and under-recorded in standard human remains analysis. Studying crania by means of computed tomography, endoscopy, and microscopy to detect these lesions illustrates chronic disease activity in the individual and significantly improves understanding of the prevalence of respiratory disease in the once-living population. An estimated 500 skeletons will be analyzed from medieval sites across Iceland. The vast majority are common parish cemeteries with unmarked graves, but also include 50-60 high status graves, with marked names and dates, of the bishops and their families at Skálholt. By recording these pathological markers of respiratory disease in adults and juveniles, and statistically depicting the results, this research will contribute to a holistic portrayal of life and death among medieval Icelanders.

Hildur Gestsdóttir. *Osteoarthritis in Iceland. An archaeological study* (Ph.D. Háskóli Íslands – áætluð verklok 2011).

The main aim of the project is to question how the study of degenerative joint disease in a small isolated, quite homogenous population, for which there exists sound modern clinical data on the genetic nature of the disease, can add to the nature of the discussion of joint disease in an archaeological context. The aim is also to question to what extent, if the analysis is supported by methodical recording and hypothesis testing, we can theorise about the social nature of palaeopathology in general and specifically degenerative joint disease? The point here is that even when dealing with a multifactorial disease like osteoarthritis, where it may be difficult in most instances to demonstrate with scientific testing a positive link to the main aetiological factors behind the disease (genetics, stress and age), it is important to create a theoretical framework within which to place the discussion. By placing the results of the palaeopathological analysis in context, the social context of the individuals suffering from the disease and the society within which they lived, as well as the context of the physicality of the body and its responses to the disease, it is possible to give meaning to the results in on a more socially analytical level.

M.S.

Liam Lanigan *Acid erosion in the dental enamel of an early Medieval Icelandic population.* (M.S. University College London, England – áætluð verklok 2011).

The main aim of project is to attempt to find evidence of acid erosion in an early Medieval Icelandic population from the chapel cemetery at Hofstaðir, a farm in the Mývatn district of Northeast Iceland. Hofstaðir is a high status farm with the largest ever excavated Viking Age feasting hall excavated in Iceland, and has been the subject of on and off excavations since early last century. The excavation of the chapel and cemetery has been ongoing since 1999, and is the second largest excavated skeletal population to date in Iceland, with over 100 individuals. The potential presence of acid erosion on Icelandic teeth is due the use of whey to preserve food throughout the winter - the longer whey is stored, the higher the build up of lactic acid, and thus the lower the pH (bottoming out around 3.5 pH). In order to look at dental erosion, I have photographed (and may photograph more) half of the collection, and will

attempt to map the level of dentine exposure. The use of dental impressions on individual teeth may be possible, but the enamel from the Hofstaðir material tends to be quite fragile.

